

Reglugjörð

131
11. nóv.

fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl.

I. kaflí.

1. gr.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur að hafa glögt mark á fje sinu, en eigi hann kindur með vafamarki, sem hann ekki getur markað undir fjármark sitt, skal hann fyrir ágústlok hafa skriflega lýst fyrir hreppsnefnd marki og auðkenni á þeim kindum, ella skal farið með þær sem óskilafje. Hver sá, sem tekur upp nýtt mark, skal tilkynna það hreppsnefnd fyrir miðjan júní, en hún tilkynnir það hreppsnefndum í næstu hreppum. Samskonar tilkynningu skulu þeir markeigendur gefa, er flytja í sýsluna.

2. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal semja að minsta kosti fimta hvert ár, og kýs sýslunefnd mann til að sjá um undirbúning hennar. Hreppsnefndir hver í sínum hreppi, annast um að mörkum sje safnað, og sjeu þau skrifuð greinilega eftir stafrófsröð. Handritið liggi síðan á hentugum stað í hreppnum fjöggra vikna tíma, hreppsþúum til sýnis, svo þeim gefist kostur á að leiðrjetta villur er kunna að finnast. Síðan skal skráin send manni þeim, er sýslunefndin hefir kosið til að búa hana undir prentun. Komi það í ljós við samning markaskrárinnar að sammerkingar eigi sjer stað, skal hann þegar tilkynna það hlutaðeigendum og brýna fyrir þeim að semja um breyting á mörkunum, og skal því lokið innan þriggja mánaða. Skeyti þeir því eigi, skulu mörk þeirra eigi tekin upp í markaskrána.

Fyrir að láta innfæra mark sitt í markaskrá greiði hver markeigandi í hvert skifti 25 aura til hreppsnefndar; rennur gjald þetta í sýslusjóð, og skal afhent oddvita sýslunefndar á næsta manntalsþingi ásamt vottorði semjanda um tölu marka.

3. gr.

Gæta skal þess við samning markaskrárinnar að sama mark sje eigi nefnt nema einu heiti.

4. gr.

Enginn má marka kindur í lögrjettum nje aukarjettum, nema með samþykki rjettarbónda og undir umsjón hans.

II. kafli.

Um geldfjárrekstur á afrjett og fjalllönd á vorin.

5. gr.

Hreppsþúar í þeim sveitum, þar sem eru nægileg afrjettarlönd, eru, ef þeir að áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar eiga ekki nægilegt fjallland fyrir sig sjálfa, skyldir að reka á afrjett að vorinu alt geldfje sitt.

6. gr.

Þar sem tveir eða fleiri búendur leyfa upprekstur og liggi beitarlönd þeirra saman, svo að fje gangi í löndunum á víxl, þá taki hver beitartoll eftir fjárfjölda og jarðarhæð, og hefir viðkomandi hreppsnefnd leyfi til að takmarka hve margt fje þeir megi taka af öðrum, þyki henni útlit fyrir að löndin verði sett í bittröð.

III. kafli.

7. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skal vera að minsta kosti ein lögrjett og svo margar aukarjettir sem hreppsnefnd ákveður. Lögrjettir skulu haldast þar sem verið hafa, nema sýslunefnd samþykki breytingu.

Hreppsnefndir annast byggingu og viðhald rjetta að því er snertir almenninginn og einn dilk við hverja lögrjett fyrir utansveitarfje og það annað fje, sem hreppsmenn helga sjer ekki. Kostnaði, sem af þessu leiðir, jafnar hún niður á fjáreigendur hreppsins í vinnu eða peningum, eða greiðir hann af hrepps-fje. Fjáreigendur sjálfir annast byggingu og viðhald annara dilka, svo margra sem þeim þykir þurfa. Hreppsnefndin tilkynnir næstu hreppsnefndum, hvar lögrjettir sjeu.

8. gr.

Valdi bygging rjetta grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafist, endurgjalda landráðanda það af hlutaðeigandi sveitarsjóði eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

IV. kafli.

Um fjallgöngur á haustum.

9. gr.

Hreppsnefndir annast um fjallskil, hver í sínum hreppi, og skal fyrri

leitardagur vera mánud. í 22. viku sumars; þó má í Mosvalla- og Suðureyrar- 131 hreppum hafa aukaleit í 21. viku sumars. Síðari leitardagur skal vera mánud. 11. nóv. í 23. viku sumars. Heimilt skal hreppsnefnd að skipa fyrir um aukaleit, ef hún álitur þess þörf.

10. gr.

Hreppsnefndir boða með fjallskilaseðli 3 vikum fyrir göngur, hvernig leit- um skuli hagað. Tiltekur hún hve marga menn hverjum gangnaskyldum manni ber að leggja til gangnanna, tilnefnir rjettarbændur, tilgreinir hverjir geyma óskilafje, hverja senda skuli á utansveitarrjettir o. s. frv. Hún skipar svo marga gangnastjóra, sem henni þykir hæfa, og ákveður svæði þeim til umsjónar. Skulu þeir annast um að göngur fari vel og skipulega fram, gæta þess að hver og einn leggi til gangnanna eins og hreppsnefnd hefir ákveðið. Sje vanrækt að leggja til mann í göngur, skal auk sekta gjalda fyrir eftir mati hreppsnefndar, eða gangnastjóri fær, ef unt er, mann í hans stað, á kostnað þess er vanrækti.

11. gr.

Hver sá fjáreigandi, sem á 6 kindur eða fleiri, skal skyldur að gera fjall- skil eftir því sem hreppsnefnd ákveður; húsbóndi er skyldur að inna af hendi fjallskil fyrir hjú sín.

12. gr.

Skylt skal í göngum að reka allt fje, nema kvíær, til lögrjettar eða auka- rjettar þeirrar, er hreppsnefnd tiltekur. Skal sundurdráttur fjárins fara fram undir umsjón rjettarbónða, þó má hreppsnefnd — vegna sjerstakra staðháttar — leyfa að fjeð sje dregið sundur á einstökum heimilum, en reka skal þá allt það fje, sem ekki tilheyrir heimilinu, til næstu rjettar samdægurs.

Frá aukarjettum skal fje rekið bæ frá bæ til lögrjettar svo fljótt sem auðið er.

13. gr.

Reki utansveitarmenn geldfje að vorinu í sveitina til hagagöngu, eru þeir eins og sveitarmenn skyldir að hlýða ráðstöfunum hreppsnefndarinnar viðvikj- andi fjallskilum.

14. gr.

Fje það, er finst eftir göngur, skal tafarlaust rekið bæ frá bæ til eiganda — ef innanhrepps er — ella til fjargæslumanns.

V. kafli.

Um óskilafje.

15. gr.

Óskilafje það, sem enginn finst eigandi að, skal hreppstjóri selja við opinbert uppboð eigi síðar en hálfum mánuði eftir fyrri göngur. Uppboðið skal auglýst í hreppnum og annast hreppsnefndin um að öllu óskilafje, sem seljast á, sje komið á einn hentugan stað í hreppnum fyrir uppboðið.

16. gr.

Þegar eftir fyrstu göngur, skal maður sá er óskilafje geymir, auglýsa í næstu hreppum mörk og einkenni óskilafjárins. Komi óskilafje fram síðan, skal hreppstjóra tilkynt það svo fljótt sem auðið er, og skal hann þegar ráðstafa því eða selja. Andvirði hins selda fjár afhendist gjaldkera hreppsins; sendir hreppstjóri sýslumanni tölu og lýsingu hins selda fjár, og annast hann um auglýsingu þess; geta svo rjettir eigendur vitjað andvirðis þess til hreppsnefndar, að frádregnum kostnaði.

Um andvirði þess fjár, sem enginn finst eigandi að, fer um svo sem lög mæla fyrir.

17. gr.

Fyrir gæslu óskilafjár skal greiða 5 aura fyrir hverja kind um sólarhringinn, þó aldrei yfir 1 krónu á kindina alls.

18. gr.

Hreppsnefnd annast um að hjá hverjum rjettarbónda sje markaskrá sýslunnar og markaskrár næstliggjandi sýslna.

19. gr.

Greiða skal gæslukostnað óskilafjár þegar þess er vitjað, annars er gæslumanni heimilt að halda því, eða að minsta kosti svo miklu af því sem gæslukostnaðinum nemur. Sje fje þannig kyrsett, skal hreppstjóri selja það við opinbert uppboð, og greiða gæslukostnaðinn af andvirði þess, en gera eiganda skil á afganginum að frádregnum uppboðskostnaði.

20. gr.

Með ómerkinga, sem ær ekki helga sjer, og kalineyrt fje, skal fara sem annað óskilafje.

VI. kafli.

131

Um fje í ógöngum.

11. nóv.

21. gr.

Finnist fje í ógöngum og landeigandi eða eigandi treystist ekki til að ná því, skal hreppsnefnd tafarlaust tilkynnt það; skal hún þá fá til svo hæfan mann eða menn, sem kostur er á, til að ná fjenu, ef nokkur möguleiki er til þess. Sje bersýnilegt, að það komist ekki í burtu, og verði því að svelta í hel, skal því stytur aldur með skotum eða á annan hátt, ef staðhættir eru þannig, að sje framkvæmanlegt. Kostnað, sem leiðir af þessari ráðstöfun hreppsnefndarinnar, greiðir eigandi fjárens, ef það næst svo að notum verði, annars sveitarsjóður.

VII. kafli.

Almenn ákvæði.

22. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða frá 5—50 kr. sektum, sektirnar renna í sveitarsjóð þar sem brotið er drýgt. Með mál þau, er rísa útaf brotum á reglugjörðinni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu, um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl. frá 12. maí 1902.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1915.

Í stjórnarráði Íslands, 11. nóvember 1914.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.